

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Steinar Ásgeirsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 2. september 2024
UST202408-014/E.S.F.
10.04.03

Efni: Ósk um umsögn - deiliskipulag - breyting - Grásteinn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 2. ágúst 2024 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Grástein í Sveitafélaginu Ölfusi.

Í greinargerð kemur fram að með breytingunni er verið að sameina og lagfæra lóðir undir vegsvæði, stofna nýja íbúðarlóð fyrir parhús og fyrir hitaveituskúr. Afmarkanir lóða breytast, m.a. mun afmörkun lóða við Bláengi nr. 6 og nr. 7 breytast í samræmi við samþykkt lóðablöð. Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortsjá Náttúrufræðisstofnunar Íslands¹ er skipulagssvæðið á forsögulegu hrauni, svonefndu Hellsisheiðarhrauni, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

Fuglasvæði

Skipulagssvæðið er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, Suðurlandsundirlendið (VOT-S 3).² Umhverfisstofnun bendir á að innan þessa svæðis geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á válista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>). Umhverfisstofnun bendir í því samhengi á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að fjallað verði um áhrif tillögunnar á fuglalíf á svæðinu.

Fráveita og áhrif á vatn

Deiliskipulagstillagan getur haft áhrif á vatn m.a. vegna fráveitu. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Í þessu samhengi vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að tillagan þarf að fjalla um áhrif á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027.³ Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Virðingarfyllt,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

² <https://vistgerdakort.ni.is/>

³ Vatnaáætlun 2022-2027